



Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Nefndasviðs Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 30. apríl 2001
72/199

Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur til breytinga á fyrrgreindum lögum, sem miða að því að leiða í lög tilteknar ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB á þessu sviði.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarp þetta, enda er staðfest í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins, að um efni öryggiskrafna ræður miklu eðli þeirra gagna sem verja á. Að almennt verði að gera mun ríkari öryggiskröfur þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem með upplýsingar um heilsufar manna, en þegar unnið er með almennar persónuupplýsingar.

Virðingarfyllt
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður